

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/7/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 185/16/COL frá 12. október 2016 um samþykki fyrir frammistöðuáætlun neta fyrir annað viðmiðunartímabil frammistöðukerfis samevrópska loftrýmisins (2015-2019)	1
2017/EES/7/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins – Ákvörðun 193/16/COL	2
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/7/03		Beiðni Norges Høyesterett dagsett 19. febrúar 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu Ski Taxi SA, Follo Taxi SA og Ski Follo Taxidrift AS gegn Staten v/ Konkurransetilsynet (Mál E-3/16)	3
2017/EES/7/04		Beiðni Klagenemnda for industrielle rettigheter dagsett 22. mars 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í kærumáli frá borgaryfirvöldum Óslóar (Mál E-5/16)	3
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/7/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8190 – Weichai/Kion) . . .	4
2017/EES/7/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8237 – Johnson & Johnson/Abbott Medical Optics)	5
2017/EES/7/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8248 – Tech Data/Avnet's Technology Solutions)	6
2017/EES/7/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8263 – Sharp Corporation/Skytec UMC Ltd) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2017/EES/7/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8336 – Mitsubishi Chemical Holdings/Marubeni/Metro Pacific Investments/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8

2017/EES/7/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8345 – HPS/MDP/NFP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2017/EES/7/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8347 – EQT Fund Management/GETEC Energie Holding/GETEC Target Companies) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2017/EES/7/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8366 – SCA/BSN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2017/EES/7/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8204 – Barloworld South Africa/Baywa/JV)	12
2017/EES/7/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8266 – MCHC/Ube/MCIS-CN/AETZ-CN Assets)	12
2017/EES/7/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8274 – Cinven/Permira/Allegro/Ceneo)	13
2017/EES/7/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8288 – Permira/Schustermann & Borenstein)	13
2017/EES/7/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8302 – Koch Industries/Guardian Industries)	14
2017/EES/7/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8325 – KKR/Hilding Anders)	14

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/7/01

185/16/COL

frá 12. október 2016

**um samþykki fyrir frammistöðuáætlun neta fyrir annað viðmiðunartímabil
frammistöðukerfis samevrópska loftrýmisins (2015-2019)**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 66t í XIII. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými, með áorðnum breytingum*) samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, einkum 1. mgr. 11. gr.,

með vísan til gerðarinnar, sem um getur í lið 66xf í XIII. viðauka við EES-samninginn (*frankvæmdarreglugerð frankvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta*), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, einkum d-lið 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við gerðina, sem um getur í lið 66wn í XIII. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð frankvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010*), á netstjórnandinn að stuðla að framkvæmd frammistöðukerfisins.
- 2) Netstjórnandinn samdi, í samræmi við frankvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, frammistöðuáætlun neta fyrir annað viðmiðunartímabil frammistöðukerfis samevrópska loftrýmisins (2015-2019).
- 3) Frammistöðuáætlun neta hefur verið metin með hliðsjón af frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins ⁽¹⁾ og, að breyttu breytanda, viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við frankvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013, svo og kröfum þeirrar reglugerðar.
- 4) Matið hefur sýnt að frammistöðuáætlun neta samrýmist þessum markmiðum, viðmiðunum og kröfum. Markmiðin, sem sett eru fram í áætluninni, einkum að því er varðar meginsvið frammistöðu á sviði öryggis, umhverfis og afkastagetu, jafngilda markmiðunum innan alls Sambandsins og samrýmast þar af leiðandi þeim markmiðum. Markmiðin, sem sett eru fram í áætluninni, samrýmast einnig markmiðum innan alls Sambandsins að því er varðar meginsvið frammistöðu á sviði kostnaðarhagkvæmni, að því gefnu að þróun lækkunar ákvarðaðs kostnaðar á hverja einingu sé yfir markmiðum innan alls Sambandsins.
- 5) Því er rétt að Eftirlitsstofnun EFTA samþykki lokaútgáfu af frammistöðuáætlun neta frá júní 2015 eins og netstjórnandinn hefur samið hana.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

⁽¹⁾ Gerðin sem um getur í lið 66xe í III. viðauka við EES-samninginn (*frankvæmdarákvörðun frankvæmdastjórnarinnar 2014/132/ESB frá 11. mars 2014 um að setja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og viðvörðunarmörk fyrir annað viðmiðunartímabilið 2015-2019*).

1. gr.

Frammistöðuáætlun neta fyrir annað viðmiðunartímabil frammistöðukerfis samevrópska loftrýmisins (2015-2019), í útgáfu frá júní 2015, eins og netstjórnandinn lagði hana fram, hefur verið samþykkt.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. október 2016.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sven Erik Svedman
Formaður

Helga Jónsdóttir
Stjórnarmaður

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**2017/EES/7/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

Dagsetning ákvörðunar	24. október 2016
Málsnúmer	79525
Ákvörðun	193/16/COL
EFTA-ríki	Ísland
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Sala á rafmagni til Norðurláls
Lagagrundvöllur	Þriðja breyting á orkusamningnum milli Landsvirkjunar og Norðurláls Grundartanga ehf. frá 1997
Tegund aðstoðar	Ekki ríkisaðstoð

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Norges Høyesterett dagsett 19. febrúar 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu Ski Taxi SA, Follo Taxi SA og Ski Follo Taxidrift AS gegn Staten v/ Konkurransetilsynet 2017/EES/7/03

(Mál E-3/16)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Norges Høyesterett (Hæstaréttar Noregs) frá 19. febrúar 2016, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 24. febrúar 2016, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Ski Taxi SA, Follo Taxi SA og Ski Follo Taxidrift AS gegn Staten v/ Konkurransetilsynet sem varðar eftirfarandi atriði:

1. Hvaða lagalegu álitamál rísa þegar ákvarðað er hvort samningur milli fyrirtækja innihaldi markmið um að hamlá samkeppni í skilningi 53. gr. EES-samningsins?
 - a) Nægir í þessu samhengi að til þess að geta flokkað tiltekna háttsemi sem brot vegna markmiðs, skv. 53. gr. EES-samningsins, að samvinnan geti hamláð samkeppni?
2. Hver er lagaleg þýðing við mat á því hvort tegund háttsemi teljist brot vegna markmiðs, að slík samvinna hafi átt sér stað fyrir opnum tjöldum að því er varðar stjórnvaldið sem annaðist útboðið?
3. Hvaða lagalegu skilyrði þarf einkum að leggja áherslu á þegar athugað er hvort telja eigi samvinnu, sem felst í því að tvö fyrirtæki í samkeppni taka sameiginlega þátt í útboði í gegnum sameiginlegt fyrirtæki, og ef fyrirtækin tvö verða undirverktakar sameiginlega fyrirtækisins, brot vegna markmiðs?

Beiðni Klagenemnda for industrielle rettigheter dagsett 22. mars 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í kærumáli frá borgaryfirvöldum Óslóar 2017/EES/7/04

(Mál E-5/16)

EFTA-dómstólnum hefur borist beiðni frá Klagenemnda for industrielle rettigheter (kærunefnd hugverkaréttar á sviði iðnaðar), sem skráð var í málaskrá dómstólsins 31. mars 2016, um ráðgefandi álit í kærumáli frá borgaryfirvöldum Óslóar sem varðar eftirfarandi atriði:

1. Getur skráning vörumerkis vegna verka sem njóta hugverkaréttar, þar sem verndartímabil er liðið, í einhverjum kringumstæðum strítt móti banninu, í f-lið 1. mgr. 3. gr. vörumerkjatilskipunarinnar, við því að skrá vörumerki sem er „andstætt lögum eða allsherjarreglu eða ... viðurkenndum siðferðis-reglum“?
2. Sé svarið við 1. spurningu jákvætt, mun það hafa áhrif á matið að verkið sem nýtur hugverkaréttar er vel þekkt og hefur mikið menningarlegt gildi?
3. Sé svarið við 1. spurningu jákvætt, geta þættir eða viðmið önnur en þau sem getið er í 2. spurningu haft áhrif á matið og ef svo er, hvaða?
4. Gildir iii. liður e-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/95/EB um tvívíða framsetningu á höggmyndum?
5. Gildir c-liður 1. mgr. 3. gr. sem lagaheimild til þess að hafna vörumerkjum sem eru tví- eða þrívíðar framsetningar á formi eða birtingarmynd varanna?
6. Ef svarið við 5. spurningu er jákvætt, skal þá túlka b- og c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/95/EB þannig að innlenda stjórnvaldið sem skráir, við mat á vörumerkjum sem eru tví- eða þrívíðar framsetningar á formi eða birtingarmynd varanna, verði að beita matsreglunum um það hvort hönnunin sem um ræðir víki í veigamiklum atriðum frá reglum eða venjum viðskiptageirans, eða geta ástæður neitunar verið þær að slíkt merki sé lýsandi fyrir form eða birtingarmynd varanna?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/7/05

(mál M.8190 – Weichai/Kion)

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið Weichai Power Co. Ltd. („Weichai“) öðlast með verðbréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu Kion Group AG („Kion“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Weichai: framleiðir bíla og búnað fyrir bíla innan þriggja megingreina: i. vélar, girkassar og drífásar, ii. atvinnuökutæki og iii. rafeindabúnaður og ihlutir fyrir bíla.
 - Kion: framleiðir gaffallyftara, búnað fyrir vörugeymslur og aðrar iðnaðarvinnuvélar. Kion starfar víða um heim og býður fjölbreytt úrval af gaffallyfturum, bæði hvað varðar stærð og lyftigetu, þ.m.t. með brennsluvél og rafmagnsknúna lyftara svo og búnað fyrir vörugeymslur.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 23, 24.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8190 – Weichai/Kion og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8237 – Johnson & Johnson/Abbott Medical Optics)

2017/EES/7/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Johnson & Johnson („J&J“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Abbott Medical Optics Inc. („AMO“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - THB: býður lyfjavörur, lækningatæki og heilbrigðisvörur fyrir neytendur fyrir tilstuðlan samstæðu sem starfar víða um heim.
 - AMO: býður víða um heim lækningatæki til að fjarlægja skýmyndun á augasteini og til nota við sjónlagsaðgerðir svo og heilbrigðisvörur fyrir augu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 23, 24.1.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8237 – Johnson & Johnson/Abbott Medical Optics og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8248 – Tech Data/Avnet's Technology Solutions)

2017/EES/7/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Tech Data Corporation („Tech Data“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Technology Solutions business of Avnet, Inc. („Avnet TS“).
2. Tech Data og Avnet TS eru eitt af tveimur rekstrarfélögum samstæðunnar Avnet, Inc. og starfa bæði á sviði dreifingar upplýsingatæknivara.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 27, 27.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8248 – Tech Data/Avnet's Technology Solutions og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8263 – Sharp Corporation/Skytec UMC Ltd)

2017/EES/7/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem japanska fyrirtækið Sharp Corporation, sem lýtur yfirráðum taivanska fyrirtækisins Hon Hai Precision Industry Co., Ltd., öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hluta kypverska fyrirtækisins Skytec UMC Ltd. sem lýtur, sem stendur, alfarið yfirráðum kypverska fyrirtækisins Skytec Group Limited.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sharp: fyrirtæki sem starfar víða um heim á sviði þróunar, framleiðslu og sölu á margvíslegum rafeindavörum, m.a. vörum sem nýta vökvakristalstækni, þ.m.t. LCD-sjónvörp, LCD-skjái, sólarrafhlöður, handfrjáls fjarskiptabúnaður, skjávarpar, fjölnota prentbúnaður, örbylgjuofnar, loftfræstingar og sjóðvélar. Sharp er dótturfyrirtæki Hon Hai.
 - Hon Hai: taivanskt hlutafélag, sem starfar undir nafninu Foxconn, með höfuðstöðvar í Tucheng, New Taipei City, Taiwan og er skráð í Kauphöll Taivans. Það veitir þjónustu, sem þriðji aðili, í tengslum við framleiðslu á rafeindabúnaði, til frumframleiðenda rafeindatækja á borð við tölvur, farsíma og tölvuleikjatölvur. Hon Hai hefur starfsemi í Norður- og Suður-Ameríku, Asíu og Evrópu.
 - Skytec Group Limited: eigandi Skytec UMC LTD sem hannar, framleiðir og dreifir sjónvarps-tækjum undir eigin vörumerkjum (UMC og Eternity) og undir vörumerkjum þriðja aðila.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 19, 20.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni Sharp Corporation/Skytec UMC Ltd og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).
⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/7/09****(mál M.8336 – Mitsubishi Chemical Holdings/Marubeni/Metro Pacific Investments/
JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japönsku fyrirtækin LSI Medience Corporation („LSI“), sem er dótturfyrirtæki Mitsubishi Chemical Holdings Corporation, sem er eignarhaldsfélag Mitsubishi Chemical samstæðunnar, ásamt Marubeni Corporation („Marubeni“) og filippínska fyrirtækið Metro Pacific Hospital Holdings, Inc. („MPHHI“), sem er dótturfélag Metro Pacific Investments Corporation („MPIC“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sameiginlegu félagi (JV) sem veitir sjúkrahúsum á Filippseyjum klíniska rannsóknarþjónustu og klínísk prófefni.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - LSI: veiting ýmiss konar lækniþjónustu víða um heim (einkum í Japan), þ.m.t. klínísk prófun, þróun og útvegum greiningarprófefna í glasi og tæki til greiningar í glasi, stoðþjónusta við lyfjaþróun, þjónusta í tengslum við greiningu á hreinlæti við meðferð matvæla og þjónusta í tengslum við eftirlit með misnotkun vímuefna. Mitsubishi Chemical samstæðan býður einnig ýmiss konar sérnotavörur, iðnaðarefni og heilbrigðisvörur víða um heim (einkum í Japan).
 - Marubeni: heildsala á margvíslegum iðnaðar- og neytendavörum, einkum matvæla- og neytendavörum, lyfja- og skógarvörum, orku og málm, orkuverkefnum og aðstöðu, flutninga- og iðnaðartækjum.
 - MPHHI: fjárfestingar- og eignarhaldsfélag sem fjárfestir í og stýrir (í gegnum dótturfyrirtæki sín) fasteigna- og grunnverkefnum á Filippseyjum. MPHHI er hluti af MPIC-stýrieiningu fyrir sjúkrahúsrekstur sem rekur og stjórnar sjúkrahúsum á Filippseyjum.
 - Sameiginlegt félag: sala á klínískri rannsóknarþjónustu og klínískum prófefnum til sjúkrahúsa á Filippseyjum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 19, 20.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8336 – Mitsubishi Chemical Holdings/Marubeni/Metro Pacific Investments/JV og eftirfarandi póstarsíttun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8345 – HPS/MDP/NFP)

2017/EES/7/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið HPS Group, LP (HPS) öðlast með hlutafjárkaupum í gegnum þrjá fjárfestingarsjóði, í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu NFP Holdings, LLC (NFP). NFP lýtur, sem stendur, alfarið yfirráðum bandaríska fyrirtækisins Madison Dearborn Partners, LLC (MDP).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - HPS: alþjóðlegt fjárfestingafyrirtæki með áherslu á yfirtöku fyrirtækja og kerfisbundna fjármögnun eða endurfjármögnun félaga sem eiga við fjárhagsvanda að stríða. Fyrirtækið stýrir eignasafni félaga í fjölmörgum geirum, þ.m.t. eins tryggingamiðlara í Bretlandi.
 - MDP: framtakssjóður með áherslu á yfirtöku stjórnenda, vaxtafjármögnun, fjármögnun fyrir endurfjármögnun og yfirtöku fyrirtækja. Sjóðurinn stýrir eignasafni félaga í fjölmörgum geirum, þ.m.t. tveggja tryggingamiðlara í Bretlandi og tryggingamiðlunarvettvangs.
 - NFP: bandarískur tryggingamiðlari. Eina starfsemi hans á EES-svæðinu er í gegnum tvö dótturfélög hans, Linkfield Corporate Solutions Ltd og Mackenzie Taylor Benefits Consultants Ltd, sem eru tryggingafyrirtæki sem starfa eingöngu í Bretlandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 27, 27.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8345 – HPS/MDP/NFP og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/7/11****(mál M.8347 – EQT Fund Management/GETEC Energie Holding/GETEC Target Companies)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgíska fyrirtækið EQT Fund Management S.à.r.l. („EQT“) ásamt þýska fyrirtækinu Getec Energie Holding GmbH („GEH GmbH“) öðlast með hlutafjárkaupum og -sölu í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í i. Getec Heat & Power AG; ii. Getec Wärme & Effizienz AG; iii. Getec Media AG; iv. Getec shared services GmbH; v. Getec Contracting GmbH (einu nafni þýsku „Getec-markfyrirtækin“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EQT: fjárfestingarsjóður sem leitast við að fjárfesta í innviðum og eignum tengdum innviðum svo og fyrirtækjum í Norður-Evrópu, á meginlandi Evrópu og í Norður-Ameríku.
 - GEH GmbH: fyrirtæki sem starfar innan orkuþjónustu í tengslum við orkuframleiðslu og -dreifingu, háværkun orkuúthlutunar til neytenda í formi hita, gufu, kælingar og rafmagns.
 - Getec-markfyrirtækin: fyrirtæki sem sérhæfa sig í gerð orkusamninga í Þýskalandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 26, 26.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8347 – EQT Fund Management/GETEC Energie Holding/GETEC Target Companies og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8366 – SCA/BSN)

2017/EES/7/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. janúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið SCA Group Holding BV, sem lýtur yfirráðum sænska fyrirtækisins Svenska Cellulosa Aktiebolaget SCA („SCA“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í lúxemborgiska fyrirtækinu BSN medical Luxembourg Group Holding („BSN“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SCA: þróun, framleiðsla og markaðssetning vara til líkamshirðu, pappírspurrku- og skógarvara.
 - BSN: þróun, framleiðsla og markaðssetning vara til sármeðhöndlunar, þrýstingsumbúðavara og bæklunarvara.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 27, 27.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni mál M.8366 – SCA/BSN og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8204 – Barloworld South Africa/Baywa/JV)

2017/EES/7/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32017M8204. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8266 – MCHC/Ube/MCIS-CN/AETZ-CN Assets)

2017/EES/7/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32017M8266. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8274 – Cinven/Permira/Allegro/Ceneo)

2017/EES/7/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8274. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8288 – Permira/Schustermann & Borenstein)

2017/EES/7/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32017M8288. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8302 – Koch Industries/Guardian Industries)**

2017/EES/7/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32017M8302. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.
-

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8325 – KKR/Hilding Anders)**

2017/EES/7/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. janúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32017M8325. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.